

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1170****2023/EES/62/23****frá 8. júlí 2019****um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu
fyrir samevrópska loftrýmið (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 43. og 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur um samræmda innleiðingu gagnatengingaþjónustu á grunni beinna gagnafjarskipta milli loftfara og jarðstöðva.
- 2) Með hliðsjón af viðvarandi vandamálum í tengslum við framkvæmd gagnatenginga, aðgerðum til úrbóta, sem gripið var til, og markmiðsins um að starfrækja ætti a.m.k. 75% af flugi með gagnatengingu, ætti að breyta viðmiðununum fyrir undanþágur. Þær viðmiðanir ættu að gilda áfram án þess að leggja óþarfa efnahagslega byrði á tiltekna hópa flugrekenda sem leggja umtalsvert minna af mörkum til heildarfjölda flugferða. Hóparnir ættu að taka til flugrekenda loftfara sem eru búin flugleiðsögukerfi framtíðarinnar (e. *Future Air Navigation Systems (FANS)*) 1/A, flugrekenda eldri loftfara og loftfara sem eru hönnuð til að flytja 19 farþega eða færri.
- 3) Til að uppfæra reglugerðina ætti að vísa til breytinga á 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 29/2009 og leiðrétta ætti ýmsar ritvillur.
- 4) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/310 ⁽³⁾ var 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 29/2009 breytt en sú breyting kemur hins vegar ekki nægilega vel fram í samsvarandi 6. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 29/2009. Þetta ónákvæma orðalag ætti að laga.
- 5) Þar eð þessi reglugerð breytir viðmiðununum fyrir undanþágur skv. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 29/2009 er við hæfi að laga einnig skilmála síðarnefndu reglugerðarinnar að 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, sem um getur í 44. gr. hennar.
- 6) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 29/2009 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 29/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Ákvæði 2. mgr. gilda ekki um:

- a) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 1995,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 183, 9.7.2019, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2009 frá 16. janúar 2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið (Stjtið. ESB L 13, 17.1.2009, bls. 3).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/310 frá 26. febrúar 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 29/2009 um kröfur um gagnatengingaþjónustu fyrir samevrópska loftrýmið og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 441/2014 (Stjtið. ESB L 56, 27.2.2015, bls. 30).

- b) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 31. desember 2003 og sem hætt verður að starfrækja í loftrýminu, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., fyrir 31. desember 2022,
 - c) loftför með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 2018 og með uppsettan gagnatengingarbúnað, fyrir þessa dagsetningu, sem uppfyllir kröfurnar í einu af skjölum Evrópusamtaka um búnað í almenningsflugi, eins og fram kemur í 10. lið í III. viðauka,
 - d) loftför með skráð hámarkssætarými fyrir 19 farþega eða færri og skráðan hámarksflugtaks massa sem er 45 359 kg (100 000 pund) eða minni og með sérstakt lofthæfivottorð, gefið út í fyrsta sinn fyrir 5. febrúar 2020,
 - e) ríkisloftför,
 - f) loftför sem fljúga innan loftrýmisins, sem um getur í 3. mgr. 1. gr., vegna prófana, afhendingar, viðhalds eða hafa tímabundið óvirka kerfishluta gagnatengingarinnar, með skilyrðum, sem tilgreind eru í gildandi lista yfir lágmarksbúnað sem krafist er í 1. lið í III. viðauka.“
- 2) Í 1., 2. og 3. mgr. 6. gr. koma tilvísanir í 2. mgr. 3. gr. í stað tilvísana í 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 3. gr.
 - 3) Í 1., 2. og 3. mgr. 8. gr. koma tilvísanir í 4. mgr. 3. gr. í stað tilvísana í 5. mgr. 3. gr.
 - 4) Í stað „3. mgr. 5. gr. í reglugerð (EB) nr. 549/2004“ í 2. mgr. 14. gr. kemur „3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139“.
 - 5) Í stað 3. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:
„3. Viðmiðanimar, sem um getur í 1. mgr., skulu vera eftirfarandi:
 - a) tegundir/gerðir loftfara, sem bráðlega verður hætt að framleiða, og þar sem fjöldi framleiddra eintaka er takmarkaður og
 - b) tegundir/gerðir loftfara þar sem kostnaður við endurhönnun myndi vera óhóflegur vegna þess hve gömul hönnunin er.“
 - 6) Í stað III. viðauka kemur texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI

1. Liður ORO.MLR.105 í III. viðauka reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur eða 6. viðauki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Operation of aircraft*, I. hluti (*International Commercial Air Transport — Aeroplanes*) (11. útg. júlí 2018, með breytingu nr. 43) eða 6. viðauki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Operation of aircraft*, II. hluti (*International General Aviation — Aeroplanes*) (10. útg. júlí 2018, með breytingu nr. 36).
2. 3. kafli — *Aeronautical Telecommunication Network*, liður 3.5.1.1 *Context Management (CM) application*, a- og b-liður í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007, með breytingum nr. 70-82).
3. 3. kafli — *Aeronautical Telecommunication Network*, liður 3.5.2.2 — *Controller-Pilot Data Link Communications” (CPDLC) application*, a- og b-liður 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007 með breytingum nr. 70-82).
4. 3. kafli — *Aeronautical Telecommunication Network*, liðir 3.3, 3.4 og 3.6 í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007, með breytingum nr. 70-82).
5. 6. kafli — *VHF air-ground digital link (VDL)*, 10. viðauki Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — III. bindi, I. hluti (*Digital Data Communication Systems*) (önnur útgáfa, júlí 2007, með breytingu nr. 90).
6. 3. kafli — *General procedures for the international aeronautical telecommunication service*, liður 3.5.1.5 í 10. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Aeronautical Telecommunications* — II. bindi (*Communication Procedures including those with PANS status*) (sjöunda útgáfa, júlí 2016, með breytingum nr. 40-90).
7. 2. kafli — *General* — liður 2.26.3 í 11. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Air Traffic Services* (14. útgáfa, júlí 2016, með breytingu nr. 50-A).
8. 6. kafli — *Air traffic services requirements for communications* — liður 6.1.1.2 í 11. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar — *Air Traffic Services* (14. útgáfa, júlí 2016, með breytingu nr. 50-A).
9. Eurocae ED-111, *Functional specifications for CNS/ATM ground recording*, júlí 2002, með breytingu nr. 1 (30. júlí 2003).
10. Eurocae ED-100 (september 2000) og ED-100A (apríl 2005), *Interoperability requirements for ATS applications using ARINC 622 Data Communications*.
11. Eurocae ED-120, *Safety and Performance Requirements Standard for Air Traffic Data Link Services in Continental Airspace*, útgefið í maí 2004 ásamt 1. breytingu, útgefni í apríl 2007, og 2. breytingu, útgefni í október 2007.“